

## Bókun bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar Akraneskaupstaðar 2024-2027

Í fjárhagsáætlun ársins 2024 er gert ráð fyrir að rekstrarafkoma A- hluta bæjarsjóðs verði jákvæð um rúmar 208 milljónir króna og að rekstrarafkoma A- og B- hluta verði jákvæð um samtals rúmar 82 milljónir króna. Á sama tíma gerir fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun ráð fyrir fjárfestingum upp á rúmlega 3,4 milljarða króna sem sýnir glögglega metnað bæjarstjórnar til að halda áfram uppbyggingu mikilvægra innviða með það að markmiði að Akranes verði áfram í fremstu röð sveitarfélaga í að bjóða upp á góða þjónustu fyrir íbúa á öllum aldri.

Engum dylst að á undanförunum árum hefur hægt verulega á vexti í íslensku efnahagslífi og enn sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Áhrif hækkandi verðbólgu og vaxta verða æ sjáanlegri í rekstri Akraneskaupstaðar og eins og áætlaðar afkomutölur sýna, þá er það orðið talsverð áskorun fyrir bæjarstjórn að láta enda ná saman frá ári til árs. Undir lok síðasta kjörtímabils fór fram vinna við greiningu á fjármálum kaupstaðarins þar sem ráðgjafafyrirtækið KPMG var fengið til að rýna í stöðuna. Á næsta ári fer í gang áframhaldandi vinna þar sem markmiðið er að fá aðgerðaáætlun fyrir okkur að taka afstöðu til, en til þess nota ráðgjafarnir meðal annars reynslu af sams konar verkefnum með öðrum sveitarfélögum. Viðbúið er að slíkt verði erfitt og kalli á erfiðar ákvarðanir, en það er líka nauðsynlegt. Grunnurinn að því að við getum haldið áfram að byggja upp samfélagið okkar er traustur rekstur. Við ætlum ekki að skorast undan því að styrkja reksturinn.

Gjaldskrár kaupstaðarins hækka almennt um 7% og einstaka gjaldskrár hækka meira en það. Undanfarin ár hefur bæjarstjórn komið til móts við heimilin á Akranesi með því að lækka álagningarprósentur fasteignagjalda, með það að markmiði að draga úr áhrifum hækkunar fasteignamats á upphæð fasteignagjalda. Einnig höfum við haldið aftur af öðrum gjaldskrárhækkunum og má þar nefna að í síðustu fjárhagsáætlun hækkuðu leikskólagjöld og gjaldskrá félagslegrar heimaþjónustu ekkert á milli ára. Því miður getur þetta ekki orðið raunin í ár og sjáum við okkur ekki annað fært en að þessar gjaldskrár hækki eins og aðrar. Náist samkomulag um þjóðarsátt á árinu, með aðkomu aðila vinnumarkaðarins, ríkis og sveitarfélaga, mun ekki standa á okkur að endurskoða okkar áætlanir og þar með talið gjaldskrárhækkanir.

Þar sem rekstur bæjarsjóðs hefur verið og verður áfram mikil áskorun til okkar bæjarfulltrúa, hefur aldrei verið mikilvægara en einmitt nú að við sameinumst um framtíðarsýn og forgangsröðun verkefna ásamt því að styrkja tekjuöflun kaupstaðarins. Áfram munum við, rétt eins og önnur sveitarfélög, horfa til til leiðréttingar á fjármögnun ríkisins á málaflokki fatlaðs fólks, aukið fjármagn til rekstur hjúkrunarheimila og áhrif mögulegra breytinga á fyrirkomulagi jöfnunarsjóðs.

Stærstu fjárfestingarverkefni næsta árs eru áframhald uppbyggingar á nýju íþróttahúsi við Jaðarsbakka, endurbuygging á hluta húsnæðis Grundaskóla, endurbætur á húsnæði Brekkubæjarskóla og stórfelldar viðgerðir á íþróttahúsinu við Vesturgötu. Þá er áætlað að á næstu árum verði farið í byggingu á tveim nýjum íbúðakjörnum fyrir fatlaða, þar sem

kaupstaðurinn veitir stofnframlag inn í þær framkvæmdir. Þá má einnig nefna að á næstu árum verður unnið að verulegum framkvæmdum í gatnagerð, en í fjárfestingaáætlun er gert ráð fyrir að á árinu 2024 verði lagðar nýjar götur fyrir um 660 milljónir króna og þeirri gatnagerð svo haldið áfram næstu ár þar á eftir.

Undirbúningur að byggingu Samfélagsmiðstöðvar, framtíðarhúsnæðis fyrir Fjöliðjuna, Hver og Þorpið heldur áfram á árinu 2024. Framkvæmdir við rýmingu á byggingarreit eru langt komnar. Ætlunin er að bjóða úr á árinu 2024 byggingarrétt á lóð samfélagsmiðstöðvar og er ætlunin að Akraneskaupstaður verði kaupandi að jarðhæð þeirrar byggingar.

Við, bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar þökkum bæjarfulltrúum Framsóknar og frjálsra fyrir gott samstarf í ráðum og nefndum við gerð fjárhagsáætlunar árána 2024 - 2027. Jafnframt þökkum við bæjarstjóra og embættismönnum bæjarins fyrir afar gott samstarf og þeirra mikla vinnuframlag við gerð þessarar fjárhagsáætlunar.

Sú fjárhagsáætlun sem hér liggur fyrir færir okkur sannarlega áskoranir í hendur, en við vonum og vitum að við sem sitjum í bæjarstjórn getum tekist á við þær áskoranir með samstöðu, jákvæðni og heiðarleika að vopni, Akranesi og Akurnesingum öllum til heilla.

Valgautar S. Þentur

litlausdóttir

Gunnar - Snæpur Gunnarsson

Jónína Margrét Sigmundsdóttir

Kristín H. Sveinsson

Einar Brandsson